Morgunblaðið

MENNING LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 22. JÚLÍ 1989 BLAÐ B



Börn og listir

Í dag lítum við aðeins á áhrif listauppeldis á börn. Það er að segja, rædum við nokkra aðila um hvaða áhrif upplifun af listviðburðum hefur á börnin, hvernig hægt er að virkja þau og gera þátttakendur í listsköpun og hvaða gildi það hefur að velja listgreinar til að fylla upp í tómstundir barnanna

Við ræðum við Þórhall Sigurðsson, leikara og leikstjóra, um börn og leikhús, við þær Eddu Scheving og Sigríði Ármann, ballettkennara, sem reka einkaskóla fyrir börn frá fjögurra ára aldri og við Sveinbjörgu Vilhjálmsdóttur, tónlistarkennara og skólastjóra Tónlistarskóla Bessastaðahrepps, sem hefur náið samstarf við dagheimili hreppsins hvað varðar tónlistarkennslu barna undir skólaaldri

Nútímalist frá Epinal

Það er ekki á hverjum degi sem við fáum að sjá það sem hæst ber í alþjóðlegir myndlist dagsins í dag. Við höfum um langan tíma fengið greinar frá Einari Guðmundssyni sem skrifar um sýningar evrópsku og bandarísku „stóru nafnanna," þegar sýningar þeirra standa yfir í Evrópu. En nú getum við semsagt fengið að berja verk þessarra manna eigin augum á Kjarvalsstöðum, þar sem í dag opnar sýning á nútímaverkum frá Epinal safninu í Frakklandi. Á miðopnu er grein sem Gunnar Kvaran skrifar í tilefni af sýningunni

